



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 11. september 2017

R17090079

Borgarráð

### ***Langholtsvegur 70, Sunnutorg - auglýsing***

Óskað er eftir heimild borgarráðs til að auglýsa húsnæði að Langholtsvegi 70, Sunnutorg til leigu.

#### *Greinargerð:*

Reykjavíkurborg á húsnæði að Langholtsvegi 70 þar sem rekin hefur verið sjoppa í nær 60 ár. Húsnæðið er hannað líkt og stórt strætisvagnaskýli og var staðsett við biðstöð strætisvagna og þarna áttu farþegar afdrep. Núverandi leigutaki hefur sagt upp leigusamning og stendur húsið nú ónotað. Óskað er eftir heimild til að auglýsa eftir hugmyndum að starfsemi. Skipuð verði dómnefnd til að fara yfir þær hugmyndir sem berast.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:  
Drög að auglýsingu.



# Hvað á að vera

## í Sunnutorgi?

Reykjavíkurborg óskar er eftir hugmyndum að starfsemi í Sunnutorgi að Langholtsvegi 70.

Við val á starfsemi verður miðað við að húsið gæði hverfið meira lífi og fjölbreytni. Leigutaki skal leggja fram hugmyndir að útliti og umhverfi en húsið hefur mikið látið á sjá síðustu ár.

Húsið verður sýnt miðvikudaginn 20. sept. kl. 15-16

Hugmyndir um fyrirhugaða starfsemi og opnunartíma berist þjónustuveri Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 fyrir kl. 16.00, þriðjudaginn 26. september 2017.

Nánari upplýsingar á [reykjavik.is/leiga](http://reykjavik.is/leiga)

